

Uppgjör Össurar fyrir fyrsta ársfjórðung 2007



Life Without Limitations

Fréttatilkynning frá Össuri hf.
Reykjavík, 1. maí 2007

Helstu niðurstöður fyrsta ársfjórðungs

- Sala var 80,4 milljónir Bandaríkjadala (5,5 milljarðar íslenskra króna*), jókst um 34% frá fyrsta fjórðungi 2006
- Söluaukning vegna innri vaxtar var 4%
- Pro forma söluaukning var 7%
- Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) var 10,2 milljónir dala (698 milljónir íslenskra króna*), jókst um 19% frá fyrsta fjórðungi 2006
- EBITDA hlutfall var 12,7%, lækkar úr 14,3% fyrir sama tímabil í fyrra
- Tap tímabilsins var 2,7 milljónir Bandaríkjadala (184 milljónir íslenskra króna*) samanborið við 571 þúsund Bandaríkjadala hagnað á fyrsta fjórðungi 2006.

Jón Sigurðsson, forstjóri:

"Við höfum umfangsmikla endurskipulagningu á sölukerfi okkar í Ameríku í febrúar. Verkefnið er liður í lokaáfangi samþættingar á stuðningstækjafyrirtækjunum sem við höfum keypt í norður Ameríku. Þetta kemur niður á söluvexti og rekstrarniðurstöðum til skemmri tíma lítið, en sé lítið til lengri tíma munu breytingarnar hafa verulega jákvæð áhrif. Það eru krefjandi tímar framundan en við sjáum nú fyrir endan á þessu tímabili og hlökkum til þess að uppskera árangurinn. Í Evrópu sjáum við hægán viðsnúning; niðurstöður eru sérlega ánægjulegar í Bretlandi og í Þýskalandi."

* Samkvæmt reikningsskilareglum miðast umreikningur rekstrarliða milli gjaldmiðla við meðalgengi rekstrartímabils. Við umreikning úr Bandaríkjadólum yfir í íslenskar krónur fyrir fyrsta ársfjórðung er notað meðalgengi 68,13 ISK/USD. Við umreikning efnahagsliða er notað gengi í lok ársfjórðungsins 65,85 ISK/USD.

Rekstrarniðurstöður fyrsta fjórðungs 2007

Eftirfarandi eru helstu rekstrarniðurstöður fyrsta fjórðungs 2007. Gibaud Group kemur inn í samstæðu Össurar í desember og er því inni allan fjórðunginn, en Somas sem keypt var á þessu ári er í samstæðunni frá 1. febrúar.

Rekstrarreikningur 1. ársfjórðungs 2007 (þús.USD)	1. ársfj. 2007	% af sölu	1. ársfj. 2006	% af sölu	Breyting
Sala	80.380	100,0%	60.034	100,0%	33,9%
Kostnaðarverð seldra vara	(34.394)	-42,8%	(24.078)	-40,1%	42,8%
Framlegð	45.986	57,2%	35.956	59,9%	27,9%
Aðrar rekstrartekjur	320	0,4%	54	0,1%	493,8%
Sölu- og markaðskostnaður	(21.978)	-27,3%	(16.009)	-26,7%	37,3%
Próunarkostnaður	(4.994)	-6,2%	(4.699)	-7,8%	6,3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(15.277)	-19,0%	(8.542)	-14,2%	78,8%
Kostnaður vegna endurskipulagningar	0	0,0%	(3.000)	-5,0%	-100,0%
Rekstrarhagnaður	4.058	5,0%	3.760	6,3%	7,9%
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	(7.852)	-9,8%	(4.921)	-8,2%	59,6%
Hagnaður/ (tap) fyrir tekjuskatt	(3.794)	-4,7%	(1.161)	-1,9%	226,8%
Tekjuskattur	1.088	1,4%	1.732	2,9%	-37,2%
Hagnaður tímabilsins	(2.706)	-3,4%	571	1,0%	n/a
EBITDA	10.240	12,7%	8.594	14,3%	19,2%

Sala

Sala fjórðungsins var 80,4 milljónir Bandaríkjadala, sem er 34% aukning frá sama tímabili í fyrra, mælt í Bandaríkjadöllum. Mælt í staðbundinni mynt er vöxturinn 29%. Salan er undir væntingum stjórnenda, sem skýrist að mestu af truflun vegna umfangsmikillar endurskipulagningar á sölukerfum í Ameríku. Endurskipulagningin hófst í febrúar og nær yfir sölukerfi félagsins fyrir spelkur og stuðningsvörur. Neikvæð áhrif vegna þessa eru að hluta vegin upp af jákvæðri gengisþróun, sem nemur um 3 milljónum Bandaríkjadala, einkum vegna styrkingu evru gangvart Bandaríkjadala.

Innri vöxtur¹ var 4% mældur í Bandaríkjadöllum og 1% í staðbundinni mynt. Pro forma söluaukning, að meðtöldum Innovation Sports og Gibaud, nam 7% mælt í Bandaríkjadöllum og 2% í staðbundinni mynt.

Heildarsala hvern virkan dag var 1.256 þúsund dalir, sem er 35% aukning frá sama tímabili í fyrra, mælt í Bandaríkjadöllum.

Vöruflokkar

Skipting sölu milli vöruflokka á fjórðungnum var þessi:

Þús. USD	1. ársfj. 2007	1. ársfj. 2006	Breyting í USD	Breyting í staðbund. Mynt
Spelkur og stuðningsvörur	43.777	32.692	34%	29%
Stoðtæki	30.166	26.892	12%	8%
Vörur fyrir blóðrásarmeðferð	5.833	n/a	n/a	n/a%
Annað	604	450	34%	22%
Samtals	80.380	60.034	34%	29%

¹ Innri vöxtur er reiknaður sem vöxtur sölutekna að frádregnum tekjum vegna keypra og seldra félaga. Innri sölutekjur þess ársfjórðungs sem er til skoðunar eru reiknaðar með því að draga frá heildartekjum þær sölutekjur sem eru tilkomnar vegna keypra félaga sem hafa verið í eigu Össurar í skemmri tíma en 15 mánuði. Vöxturinn er reiknaður með því að bera saman innri sölutekjur ársfjórðungsins sem er til skoðunar við innri sölutekjur sama ársfjórðungs fyrri árs. Sölutekjur vegna félaga sem keypt voru í sama fjórðungi fyrri árs eru undanskildar í samanburðinum.

Sala á spelkum og stuðningsvörum nam 43,8 milljónum dala, sem er 54% af heildarsölnunni og aukning frá fyrra ári um 34%, mælt í Bandaríkjadöllum og 29% í staðbundinni mynt. Proforma söluaukning stóð í stað mælt í Bandaríkjadöllum, en dregst saman um 3% mælt í staðbundinni mynt.

Eins og áður hefur komið fram hefur umfangsmikil endurskipulagning á sölukerfi fyrir spelkur og stuðningsvörur hjá Össur Americas tímabundið neikvæð áhrif á sölnu. Gert er ráð fyrir að ástandið vari næstu mánuði áður en viðsnúningur hefst. Til lengri tíma litið er gert ráð fyrir verulega jákvæðum áhrifum af breytingunum. Í Evrópu er séð fyrir endann á erfiðu tímabili í sölu á spelkum og stuðningsvörum.

Salan á UnloaderOne® slitgigtarspeklunni var áfram umfram væntingar í Ameríku. Spelkan var kynnt í Evrópu á ársfjórðungnum, bæði í sérsmiðaðri og fjöldaframleiddri útgáfu og var henni vel tekið. Nýjar útgáfur af helstu liðbandaspeklun félagsins, CTi, voru kynntar á þingi stoð- og stuðningstækjalækna í Bandaríkjunum (AAOS) í febrúar s.l., bæði sérsmiðuð og fjöldaframleidd útgáfa. Speklunum hefur verið mjög vel tekið.

Sala á stoðtækjum nam 30,2 milljónum dala, eða 38% af heildarsölnunni sem er 12% aukning samanborið við fyrra ár, mælt í Bandaríkjadöllum en 8% í staðbundinni mynt.

Hlutur hátæknistoðtækja (e. Bionics) verður sífellt stærri og hefur sala á Rheo hnénu nú þegar farið fram úr væntingum. PROPRIO FOOT™ gervifóturinn og vélknúna hnéð POWER KNEE™ halda áfram að hljóta verðskuldaða athygli meðal fagaðila og notenda. PROPRIO FOOT™ hlaut nýverið *Medical Excellence Award*, en á meðal þeirra sem hafa áður hlotið þessi verðlaun eru mikilsmetin fyrirtæki á borð við Stryker, GE Healthcare og Medtronic.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingin í undirstöðu Bionics tækninnar eða lífverkfræðilegri hönnun leiði af sér nýjar vörur og vörunýjungar í náinni framtíð. Einnig er gert ráð fyrir að framlegðarhlutfall Bionic vara muni aukast í kjölfar aukins magns og áframhaldandi þróunar á framleiðslu- og þjónustuferlum.

Á árinu 2007 er gert ráð fyrir metfjölda af nýjum vörum og vörunýjungum, bæði í stoðtækjum og spelkum og stuðningsvörum. Mikilvægur þáttur í stefnu Össurar og eitt af helstu verkefnum þróunardeildarinnar á þessu ári er að nýta þá tæknipækningu sem er til staðar innan félagsins og yfirfæra hana á spelkur og stuðningsvörur.

Annað, ekki síður mikilvægt verkefni, er hagræðing á núverandi vörulínunum Össurar, sérstaklega í kjölfar fyrirtækjakaupa undanfarinna missera. Þetta er umfangsmikið verkefni sem er í fullum gangi og er áætlað að muni skila jákvæðum áhrifum á rekstrarniðurstöður til lengri tíma.

Vörur til nota við blóðrásarmeðferðir er ný vörulína sem bættist við fyrri vörulínur félagsins með kaupunum á Gibaud Group. Salan á þessum vörum á fyrsta fjórðungi nam 5,8 milljónum dala sem er 7% af heildarsölnunni. Pro forma söluaukning er 33% mælt í Bandaríkjadöllum og 23% mælt í staðbundinni mynt, sem er vel yfir vexti markaðarins.

Markaðssvæði

Dreifing sölu eftir markaðssvæðum var sem hér segir:

Þús. USD	1. ársfj. 2007	1. ársfj. 2006	Breyting í USD	Breyting í staðbundinni mynt
Ameríka	38.587	36.887	5%	5%
Evrópa	39.675	21.308	86%	71%
Asía	2.118	1.839	15%	17%
Samtals	80.380	60.034	34%	29%

Frá og með 1. janúar 2007 verður uppgjör félagsins sett fram samkvæmt nýjum markaðssvæðum, Ameríka, Evrópa og Asía. Ameríka samanstendur af bæði norður og suður Ameríku, Evrópu tilheyrja einnig Miðausturlönd og Afríka og Ástralía heyrir undir Asíu. Samanburðartölur hafa verið aðlagðar samkvæmt þessum breytingum.

Ameríka

Sala í Ameríku var 38,6 milljónir Bandaríkjadala sem er 48% af heildarsölnunni samanborið við 36,9 milljónir Bandaríkjadala eða 62% af heildarsölnunni á sama tímabili á síðasta ári. Sala hvern virkan dag stóð í stað, en salan jókst um 5% samanborið við fyrsta fjórðung 2006, mælt í Bandaríkjadöllum og staðbundinni mynt. Bæði innri vöxtur og pro forma söluvöxtur var 2%, mælt í staðbundinni mynt, sem er þó nokkuð undir markmiðum félagsins.

Sala á stoðtækjum heldur áfram að vaxa umfram vöxt markaðarins og í takt við væntingar.

Sala á spelkum og stuðningsvörum dróst lítillega saman, sem skýrist af áðurnefndum breytingum á sölukerfi. Þetta verkefni er liður í lokaáfangu samþættingar á stuðningstækjafyrirtækjunum, sem keypt hafa verið í norður Ameríku, inn í samtæðu Össurar. Þessar breytingar munu koma niður á söluvexti og rekstrarniðurstöðum til skemmri tíma litið, en sé litið til lengri tíma er áætlað að breytingarnar hafi verulega jákvæð áhrif.

Evrópa

Sala í Evrópu, Miðausturlöndum og Afríku nam 39,7 milljónum Bandaríkjadala, sem nemur 49% af heildarsölnunni, samanborið við 36% á fyrsta fjórðungi 2006. Aukning sölu á evrópska markaðnum var 86% mælt í Bandaríkjadöllum og sala hvern virkan dag jókst um 89%. Styrking breska pundins, evrunnar og sænsku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal er helsta skýring þess að söluaukning mæld í staðbundinni mynt er aðeins lægri, eða 71%. Innri vöxtur var 5%, mælt í Bandaríkjadöllum en dregst saman um 3% mælt í staðbundinni mynt. Pro forma söluaukning var 11%, mælt í Bandaríkjadöllum en 2% í staðbundinni mynt.

Í Evrópu er hægur viðsnúningur. Sala á stoðtækjum var í takt við væntingar, en þó að sala á spelkum og stuðningsvörum hafi dregist lítilega saman eru skýr merki um viðsnúning. Þýskaland og Bretland ganga samkvæmt áætlun sem og samþættingin á Somas.

Sala Gibaud jókst um 8% samanborið við fyrsta fjórðung 2006, mælt í staðbundinni mynt. Sala á spelkum og stuðningsvörum dróst saman en sala á vörum til notkunar við blóðrásarmeðferðir jókst umfram væntingar. Sala á ákveðnum vörum Össurar í gegnum sölukerfi Gibaud og öfugt er í undirbúningi.

Asía

Sala í Asíu nam 2,1 milljón Bandaríkjadala sem er 3% af heildarsölu samstæðunnar, sú sama og á sama tímabili í fyrra. Söluvöxtur var 17%, mælt í staðbundinni mynt.

Framlegð

Framlegð nam 46,0 milljónum Bandaríkjadala eða 57,2% af sölu, samanborið við 36,0 milljónir og 59,9% á fyrsta ársfjórðungi 2006. Í kjölfar kaupanna á Gibaud Group í desember síðastliðnum, voru keyptar birgðir færðar upp til markaðsvirðis í samræmi við reikningsskilareglur. Þetta hafði áhrif til lækkunar á framlegð á fyrsta fjórðungi 2007 sem nemur 1,3 milljónum dala, eða um 1,6% af sölu. Að undanskildum áhrifum vegna uppfærslu á birgðum Gibaud Group, var framlegðarhlutfallið 58,8%. Að auki hafði uppbygging á dreifikerfi samstæðunnar í Evrópu og Ameríku, sem lýtur að betri þjónustu við viðskiptavinum, neikvæð áhrif á dreifingarkostnað.

Rekstrargjöld

Afskriftir óefnislegra eigna vegna fyrirtækjakaupa halda áfram að hafa veruleg áhrif á rekstrarhagnað og á hagnað tímabilsins, þó að þær hafi ekki áhrif á sjóðstreymi og hagnað fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA). Afskriftirnar á fjórðungnum námu 3,6 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 3,1 milljón árið 2006. Afskriftirnar lækka hlutfall rekstrarhagnaðar af sölu um 4,4 prósentustig og hlutfall hagnaðar af sölu um 2,7 prósentustig. Upphæðin skiptist á einstaka rekstrarliði sem hér segir:

Kostnaðarliður	1. ársfj. 2007 Þús. USD	1. ársfj. 2007 % af sölu	1. ársfj. 2006 Þús. USD	1. ársfj. 2006 % af sölu
Sölu- og markaðskostnaður	2.095	2,6%	1.767	2,9%
Próunarkostnaður	1.076	1,3%	1.011	1,7%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	391	0,5%	349	0,6%
Áhrif á rekstrarhagnað	(3.562)	-4,4%	(3.127)	-5,2%
Áhrif á hagnað	(2.195)	-2,7%	(1.803)	-3,0%

Afskriftirnar munu halda áfram á svipuðum nótum næstu 4-5 árin, en eftir það mun hlutfallið lækka og haldast þannig næstu 6 ár. Frekari fyrirtækjakaup kunna að breyta þessu hlutfalli.

Sölu- og markaðskostnaður nam 22,0 milljónum Bandaríkjadala, eða um 27,3% af sölu samanborið við 16,0 milljónir dala og 26,7% á sama tímabili í fyrra. Helsta ástæða þess að kostnaðarhlutföll eru hærra er að salan er lægri en gert var ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar vegna endurskipulagningar á sölukerfum muni hafa jákvæð áhrif á sölu- og markaðskostnað í framtíðinni.

Próunarkostnaður var 5,0 milljónir Bandaríkjadala sem er 6,2% af sölu, samanborið við 4,7 milljónir dala og 7,8% á fyrsta fjórðungi í fyrra. Hlutfall próunarkostnaðar hjá keyptum fyrirtækjum þ.m.t. Gibaud var lægra en hjá Össuri. Allur próunarkostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 15,3 milljónum Bandaríkjadala sem er 19,0% af sölu samanborið við 8,5 milljónir dala eða 14,2% á fyrsta ársfjórðungi 2006. Starfslokagreiðslur vegna endurskipulagningar á sölukerfi í Ameríku, kostnaður við málaferli vegna sáraumbúða vörulínu og kostnaður vegna samþættingar á Somas nam 1,8 milljónum dala sem jafngildir 2,2% af sölu. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hjá Gibaud hefur verið hærra en tíðkast hjá Össuri sem leiðir af sér hærra hlutfall. Salan var einnig lakari en áætlað var sem hefur áhrif á að hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar af sölu er hærra.

Áður tilkynntur ætlaður kostnaður að fjárhæð 650 þúsund bandaríkjadala vegna endurskipulagningar í kjölfar kaupanna á Somas í febrúar verður lægri en ráðgert var og verður gjaldfærður þegar hann fellur til á árinu 2007.

Rekstrarhagnaður

Rekstrarhagnaður á fyrsta ársfjórðungi 2007 nam 4,1 milljón Bandaríkjadala, samanborið við 3,8 milljónir dala á síðasta ári, sem jafngildir 5,0% samanborið við 6,3% sem hlutfall af sölu. Uppfærsla á birgðum vegna kaupanna á Gibaud nam 1,3 milljónum Bandaríkjadala og hafði neikvæð áhrif á rekstrarhagnaðinn um 1,6% sem hlutfall af sölu. Á sama hátt hafði einskiptiskostnaður vegna endurskipulagningar í tengslum við kaupin á Innovation Sports neikvæð áhrif á rekstrarhagnaðinn á fyrsta fjórðungi í fyrra, eða sem nemur um 5% af sölu. Ef þessir kostnaðarliðir eru undanskildir er hlutfall rekstrarhagnaðar af sölu 6,7% á fyrsta fjórðungi 2007 og 11,3% á sama tímabili í fyrra. Sú staðreynd að salan var undir áætlun er ein helsta ástæðan fyrir þessari lækkun þar sem umtalsverður hluti af rekstrargjöldum er fastur kostnaður. Áðurnefndar starfslokagreiðslur og málaferli hafa einnig neikvæð áhrif á þennan lið.

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld námu tæplega 7,9 milljónum Bandaríkjadala, þar eru meðtaldar 6,0 milljónir dala í vaxtagreiðslur af bankalánum og 2,2 milljónir dala vegna gengismunar.

Vaxtagreiðslur af bankalánum jukust um 70% sem er að mestu vegna brúarláns að upphæð 133,1 milljónir bandaríkjadala (100 milljónir evra) sem var tekið í desember 2006 til þess að fjármagna kaupin á Gibaud.

Össur hefur gert vaxtaskiptasamning sem festir vaxtaþrósentu á 140 milljónum Bandaríkjadala og 48,6 milljónum evra af langtímalánum félagsins. Föst vegin vaxtaþrósentu út lánstímabilið er 5,99% á ári.

Um 64% af langtímalánum Össurar eru í Bandaríkjadöllum og 36% í evrum. Frá upphafi fjórðungsins til loka tímabilsins hefur mismunur á stundargengi evru gagnvart Bandaríkjadal aukist sem nemur 10% sem hefur í för með sér neikvæð gengisáhrif á langtímalán og brúarlán félagsins sem nemur 2,3 milljónum dala.

Tekjuskattur

Rekstrartap og frádráttur vegna innbyrðis fjármögnunar samstæðunnar leiðir af sér jákvæðan tekjuskatt sem nemur 1,1 milljón Bandaríkjadala.

Hagnaðarhlutföll

Eftirfarandi yfirlit sýnir áhrif einskiptiskostnaðar og afskrifta óefnislegra eigna í tengslum við fyrirtækjakaup á hagnað félagsins:

Hagnaður (þús. USD)	1. ársfj. 2007	Án uppfærðra birgða	Án uppfærðra birgða og afskr.
Rekstrarhagnaður	4.057	5.345	8.907
EBITDA	10.240	11.528	11.528
Hagnaður / (tap)	(2.706)	(1.869)	325

EBITDA nam 10,2 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 8,6 milljónir dala á sama tímabili í fyrra og eykst um 19,2%. Hlutfall EBITDA af sölu var 12,7% á fjórðungnum samanborið við 14,3% á sama tímabili 2006.

Tap tímabilsins nam 2,7 milljónum dala samanborið við 571 þúsund dala hagnað á fyrsta fjórðungi 2006.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur (þús. USD)	31. mars 2007	31. desember 2006	Breyting
Fastafjármunir	495.873	489.319	1%
Veltufjármunir	134.218	123.433	9%
Eignir samtals	630.091	612.752	3%
Eigið fé	160.148	161.639	-1%
Langtímaskuldir	239.469	234.538	2%
Skammtímaskuldir	230.474	216.575	6%
Eigið fé og skuldir samtals	630.091	612.752	3%

Heildareignir jukust úr 612,8 milljónum dala í lok árs 2006 í 630,0 milljónir í lok fyrsta ársfjórðungs 2007, sem er 3% aukning. Um 11 milljónir Bandaríkjadala af þessari aukningu er vegna kaupana á Somas í febrúar.

Eins og áður hefur komið fram hefur styrking evru gangvart Bandaríkjadal neikvæð áhrif á evruhluta langtímalána félagsins sem nemur 2,3 milljónum dala á fyrsta fjórðungi.

Í lok fjórðungsins var eiginfjárlutfallið 25% samanborið við 26% í lok ársins 2006. Í desember 2006 var fyrirtækið Gibaud Group í Frakklandi keypt fyrir 132 milljónir Bandaríkjadala. Kaupin voru fjármögnuð með brúarláni að upphæð 131,3 milljónum dala (100 milljónir evra) og eigin fé. Brúarlánið er meðtalið í skammtímaskuldum fyrirtækisins. Hlutfjárútbóð er áætlað á árinu 2007. Þangað til mun eiginfjár- og veltufjárlutfall félagsins vera undir lágmarksviðmiðum félagsins. Þetta tímabundna frávik hefur verið samþykkt af stjórn félagsins.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi (Þús. USD)	1. ársfj. 2007	% af sölu	1. ársfj. 2006	% af sölu
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	6.424	8,0%	6.076	10,1%
Handbært fé frá rekstri	2.111	2,6%	1.197	2,0%
Hreint veltufé frá rekstri	5.504	6,8%	5.026	8,4%

Handbært fé frá rekstri, að frátöldum vöxtum og sköttum nam 6,4 milljónum Bandaríkjadala eða 8% af sölu á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 6,1 milljón á fyrsta fjórðungi 2006. Þetta jafngildir 6% aukningu.

Fjárfestingar í fastafjármunum námu 1,9 milljónum Bandaríkjadala á fjórungnum sem jafngildir 2,4% af sölu samanborið við 2,4 milljónir og 4,0% á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður á hlut

Lykiltölur	1. ársfj. 2007	1. ársfj. 2006
Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent)	-0,70	0,15
Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent), leiðrétt*	-0,49	0,62
Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent)	0,90	1,40
Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent), leiðrétt*	1,12	1,87

* að undanskildum óvenjulegum liðum vegna fyrirtækjakaupa á síðustu misserum.

Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttá var neikvæður um 0,70 bandarísk sent á hlut á fyrsta fjórðungi 2007 samanborið við 0,15 sent á hlut á sama tímabili 2006.

Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá og óvenjulegra liða var 0,90 bandarísk sent á hlut á fyrsta ársfjórðungi 2007 samanborið við 1,40 sent á hlut á fyrsta fjórðungi 2006, sem samsvarar 36% lækkun.

Fimm ára samanburður

Fimm ára samanburður (USD)	1. ársfj. 2007	1. ársfj. 2006	1. ársfj. 2005	1. ársfj. 2004	1. ársfj. 2003
Sala	80.380	60.034	31.150	30.668	21.692
Rekstrarhagnaður	4.058	3.760	4.401	4.546	1.970
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	-7.852	-4.921	-411	-278	-126
Hagnaður (tap) fyrir skatta	-3.794	-1.161	3.990	4.268	1.844
Hagnaður (tap) eftir skatta	-2.706	571	3.173	3.263	1.404
Eigið fé	160.148	154.027	57.382	46.068	41.562
Heildareignir	630.091	435.227	106.007	105.699	72.729
Veltufé frá rekstri	5.504	5.026	4.980	5.347	2.171
Handbært fé frá rekstri	2.111	1.197	1.253	2.044	686
Arðsemi eigin fjár síðustu tólf mánuði	1%	9%	29%	15%	29%
Veltufjárhlutfall	0,6	1,5	2,6	2,2	2,2
Eiginfjárhlutfall	25%	35%	54%	44%	57%
Hagnaður á hlut (bandarísk sent) síðustu tólf mánuði	2,82	2,61	4,79	2,03	3,23
Verð á hlut í lok tímabils (ISK)	125,0	115,5	83,5	49,8	47,5
Markaðsvirði í lok tímabils í milljónum dala	731	627	438	225	204

Rekstrarhorfur

Rekstrarhorfur til lengri tíma eru áfram jákvæðar. Öflugir undirliggjandi hvatar til markaðsvaxtar eru m.a. hærri lífaldur, krafa um betra líf og velmegun eldra fólks. Össur hefur góða markaðsstöðu í helstu vöruflokkum, eins og stoðtækjum, spelkum og vörum til nota við blóðrásarmeðferðir og eru góð tækifæri til frekari samþættingar á tveimur síðarnefndu mörkuðunum. Tæknileg forysta Össurar á sviði stoðtækja og áform um að nýta þá þekkingu og yfirfæra á spelkur og stuðningsvörur, mun styðja við framtíðaráform félagsins.

Félagið staðfestir áður birtar áætlanir um sölu fyrir árið 2007 þar sem gert er ráð fyrir að sala Össurar á árinu 2007 verði um 330 milljónir Bandaríkjadala samanborið við 252 milljónir 2006 sem jafngildir um 30% hækkun. Vegna endurskipulagningar á sölukerfi í Bandaríkjunum er gert ráð fyrir að sala dragist saman, en líklegt er að jákvæð gengisþróun jafni út samdráttinn. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að EBITDA verði lægri en áður var talið, eða um 53-56 milljónir dala samanborið við 47,9 milljónir dala árið 2006. Áætlað er að EBITDA hlutfall verði um 16-17% af sölu, að undanskildri uppfærslu á birgðum vegna fyrirtækjakaupa. Til viðbótar við aukinn kostnað vegna endurskipulagningar á sölukerfi í Bandaríkjunum er gert ráð fyrir að kostnaður vegna málaferla í tengslum við sáraumbúðalínu félagsins verði á bilinu 2-2,5 milljónir dala til ársloka.

Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir hlutfjárútboði á árinu 2007. Nánari upplýsingar um útboðið verða kynntar síðar.

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur fyrir fyrsta ársfjórðung 2007 fyrir félagssamstæðu Össurar hf. var samþykktur á stjórnarfundum 30. apríl. Árshlutareikningurinn, sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards), hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins og áritaður án athugasemda.

Kynningarfundir fyrir markaðsaðila

Í dag Miðvikudaginn 2. maí heldur Össur hf. upplýsingafundi fyrir fjárfesta og markaðsaðila.

Klukkan 12:00 að staðartíma verður haldinn símafundur á ensku. Unnt verður að hlusta á fundinn á heimasíðu Össurar: www.ossur.com.

Vinsamlegast hringið í eftirfarandi símanúmer til að taka þátt í fundinum:

Símanúmer fyrir Evrópu: +44 (0) 20 7162 0025

Símanúmer fyrir Bandaríkin: +1 334 323 6201

Einnig er unnt að senda fyrirspurnir til fundarins, sem haldinn er á ensku, með tölvupósti á investormeeting@ossur.com

Klukkan 16:15 að staðartíma verður opinn fundur með stjórnendum fyrirtækisins á Grand Hótelu við Sigtún. Á fundinum munu Jón Sigurðsson, forstjóri og Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri, fara yfir rekstur tímabilsins.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast á heimasíðu Össurar: www.ossur.com og á vef Kauphallar Íslands, www.icex.is jafnhliða fréttatilkynningunni.

Birtingadagar Össurar 2007

Eftirfarandi dagsetningar sýna áætlaða birtingu uppgjóra fyrir árið 2007:

Annar fjórðungur	31. júlí 2007
Þriðji ársfjórðungur	30. október 2007
Fjórði fjórðungur / ársuppgjör	5. febrúar 2008
Aðalfundur 2008	22. febrúar 2008

Fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti

Ef óskað er eftir því að fá fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti, er hægt að skrá sig á eftirfarandi síðu: <http://www.ossur.com/investormailings>

Nánari upplýsingar

Jón Sigurðsson, forstjóri	sími: 515-1300
Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri	sími: 515-1300
Sigurborg Arnarsdóttir, fjárfestatengill	sími: 515-1300